

AUGLÝSING

um afgreiðslu skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kársneshöfn. Hafnarbraut 17-19 og 21-23, svæði 9. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 22. desember 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 8. tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hafnarbraut 17-19 og 21-23, svæði 9.

Í breytingunni felst stækkun byggingarreits kjallara, samtals um 140 m² á báðum lóðunum til samræmis við ytri byggingarreit ofanjarðar, breyting á byggingarreit efstu hæðar á lóð nr. 21-23 í samræmi við byggingarreit efstu hæðar á lóð nr. 17-19. Hámarksbyggingarmagn beggja lóða eykst um 60 m² á lóð nr. 17-23 og um 20 m² á lóð nr. 20-23. Nýir almennir göngustígar er gerðir innan lóða, fyrirkomulag bílastæða ofanjarðar breytist og komið er fyrir samsíða bílastæðum meðfram Hafnarbraut. Heildarfjöldi bílastæða á báðum lóðunum eykst úr 112 í 113 bílastæði. Lóð nr. 17-19 stækkar úr 2.520 m² í 2.962 m² og lóð nr. 21-23 stækkar úr 2.410 m² í 2.777 m².

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 29. desember 2025.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 14. janúar 2026